

Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 23. nóvember sl. Meiri hluti nefndarinnar gerir nokkrar breytingartillögur við frumvarpið sem nema alls 96 m.kr. til lækkunar útgjalda.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði lækkuð um 95,9 m.kr.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lögð er til 139 m.kr. lækkun fjárveitingar. Umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins auk þess sem gengisþróun hefur verið hagstæðari. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og ríkisframlagi í C-hluta.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,3 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,5 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er framlagið ætlað Vatnasafninu í Stykkishólmi.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 8,6 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Þar af eru 8 m.kr. ætlaðar til stuðnings verkefninu Tónlist er lífið sem felst í gerð sjónvarpsþátta um tónlistarlífið á Íslandi.

Þá er fallið frá 0,6 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 10,2 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum. Þar af er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til stuðnings við samræmda heildarþýðingu Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku.

Þá er fallið frá 0,2 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

988 Æskulýðsmál.

1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi. Gerð er tillaga um að framlag til KFUM í Vatnaskógi verði 4 m.kr. en í frumvarpinu var felld niður framlag til viðfangsefnisins.
1.90 Æskulýðsmál. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

989 Ýmis íþróttamál.

1.20 Glímusamband Íslands. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Glímusambands Íslands en í frumvarpinu var felld niður framlag til sambandsins.
1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 2,2 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Þar af eru 2 m.kr. ætlaðar til uppbyggingar þjónustu- og aðstöðuhúss fyrir kajakaferðir á Stokkseyri.

Þá er fallið frá 0,2 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,9 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 1,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 60 m.kr.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að framlag til flugverndar verði lækkað um 60 m.kr. sem skýrist af minni kostnaði við flugvernd vegna farþega frá þriðja ríki. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir tæplega 160 m.kr. hækkun til verkefnisins en nú er ljóst að kostnaðurinn verður talsvert minni. Sama breyting er lögð til á útgjöldum og ríkisframlagi í B-hluta.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 18,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,5 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkun og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Vettvangsskóla við Hólarannsóknina á Hólum í Hjaltadal en hann var stofnaður árið 2003 í tengslum við að sett var á fót háskólanám í fornleifafræði hér á landi. Síðan hafa 70 nemar sótt námskeið á vegum skólans á Hólum. Hólarannsóknin hefur rekið verkefnið með styrk frá Kristnihátíðarsjóði og framlagi erlendra háskóla enda var það eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar að efla fræðslu á sviði fornleifarannsóknna hérlandis.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Gerð er tillaga um 12,6 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Þar af er gert ráð fyrir 12 m.kr. framlagi vegna neyðarástands sem skapast hefur við Jökulsá á Fjöllum í Kelduhverfi vegna klakastíflna í ánni. Hefur áin hlaupið úr farvegi sínum í Skjálftavatn og var mikil hætta á að hún ryddi sér leið í Litluá sem hefði haft í för með sér mikið landbrot og ómældan skaða á lífríki árinna. Talið er nauðsynlegt að grípa þegar til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.

Þá er fallið frá 0,6 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 0,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1,4 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,8 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytisins. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,6 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2,6 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum. Þar af er gert ráð fyrir 2 m.kr. framlagi til að styrkja Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur.

Þá er fallið frá 0,5 m.kr. verðlagsniðurfærslu sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 9,7 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 *Launa- og verðlagsmál*. Við 2. umræðu um frumvarpið voru nokkrir safnliðir lækkaðir um alls 9,7 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af þessum lið.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 45,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.42 *Gestastofur, söfn og markaðsstarf*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.90 *Ýmislegt*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,3 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 *Ýmis framlög samgönguráðuneytis*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,4 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

251 Umferðarstofa.

1.01 *Umferðarstofa*. Lögð er til 45 m.kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar. Í nýlegum breytingum á umferðarlögum hækkar umferðaröryggisgjald úr 200 kr. í 400 kr. Áætlað er að hækkingu gjaldsins skili 45 m.kr. í auknar tekjur á næsta ári. Áformað er að ráðstafa tekjunum til umferðaröryggismála og gæðamats á vegum.

336 Hafnabótasjóður.

6.74 *Lendingabætur*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,1 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 0,2 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.98 *Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

14 Umhverfissráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 1,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 *Ýmis verkefni*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,2 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

1.98 *Ýmis framlög umhverfissráðuneytis*. Við 2. umræðu um frumvarpið var liðurinn lækkaður um 0,9 m.kr. sem var verðlagsniðurfærsla. Fallið er frá þeirri lækkingu og er framlagið millifært af lið 09-989-1.90 Launa- og verðlagsmál.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU
VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

23 Utanríkisráðuneyti

111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Lagt er til að framlag til flugverndar verði lækkað um 60 m.kr. sem skýrist af minni kostnaði við flugvernd vegna farþega frá þriðja ríki. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir tæplega 160 m.kr. hækkun til verkefnisins en nú er ljóst að kostnaðurinn verður talsvert minni.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU
VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

42 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Frá síðustu áætlun hafa nokkrar breytingar orðið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsóknum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og ráð var gert fyrir. Áætluð fjölgun námsmanna á Íslandi og erlendis er nú 3%. Gert er ráð fyrir að lánþegar verði 10.600 og útlán hækki úr 8.260 m.kr. á árinu 2006 í 9.506 m.kr. á árinu 2007 í stað 9.778 m.kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig hefur gengisþróun verið hagstæð. Lántökuþörf og almenn rekstrarútgjöld eru óbreytt en fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hafa verið lækkuð til samræmis við minni verðbólguvæntingar. Ríkisendurskoðun hefur ekki séð ástæðu til að breyta mati sínu á framlagsþörf sjóðsins. Frá síðustu áætlun er því miðað við óbreytt hlutfall af útlánum vegna væntanlegra affalla og niðurgreiðslu vaxta, þ.e. 51% af veittum námslánum ársins 2007. Að teknu tilliti til kostnaðar vegna reksturs og vaxtastyrks hefur endurskoðuð útlánaáætlun því í för með sér að lækka má framlag úr ríkissjóði um 139 m.kr., eða úr 5.383 m.kr. samkvæmt frumvarpinu í 5.244 m.kr. samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 4. des. 2006.

Birkir J. Jónsson,
form., frsm.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

Guðjón Hjörleifsson.

Sigurros Þorgrímsdóttir.

Þórdís Sigurðardóttir.

Guðjón Ólafur Jónsson.